

### **Miðvikudaginn 29. janúar kl. 09:00**

Sigrún leikskólastjóri, Anna Hallgrímsdóttir, Martin Markvoll  
Þóra Margrét Birgisdóttir boðaði forföll.

### **Fundur Skóla- og fræðslu nefndar þriðjudaginn 4. febrúar**

Leikskólinn og tónlistarskólinn verða með erindi. Þóra Margrét mætir sem fulltrúi foreldraráðs.

### **Breytt fyrirkomulag um jólafrí**

Á milli jóla og nýárs voru mjög fá börn í leikskólanum, en skólinn samt fullmannaður. Skólastjóri vill gera eitthvað í þessu og segir að tvær leiðir koma til greina: *Að leikskólinn í Stykkishólmi verði lokaður milli jóla og nýárs, nema í undantekningar tilfellum fyrir þá sem óska eftir því sérstaklega og þurfa þá að skrá sig tímanlega – eða að leikskólinn sé opinn en foreldrar geti sótt tímanlega um leyfi og greiði samkvæmt því.* Þetta verður rætt í Skóla- og fræðslu nefnd á næstkomandi fundi.

### **Könnun vegna sumarlokunar 2021**

Lokun leikskólans verður fjórar vikur sumarið 2020 í stað fimm. (10. júlí - 7. ágúst)  
Leikskólinn mun senda út könnun til foreldra til að athuga hvaða tímabil hentar best fyrir sumarið 2021:

28. júní – 23. júlí

05. júlí – 30. júlí

09. júlí - 06. ágúst

Rætt var hvort það væri hægt og/eða betri að senda slíka könnun í stafrænu formi, jafnvel í gegnum *Karellen*.

### **Önnur mál**

Sigrún sagði okkur frá hvað er framundan í leikskólanum.  
Hún sagði líka frá útikennslunni í Nýrækt sem hefur gengið mjög vel.

### **Næstafundur**

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 25. mars kl. 09:00.